

Árný Sigurðardóttir

Frá: Nikulás Úlfar Másson
Sent: fimmtudagur, 16. janúar 2020 15:29
Til: Árný Sigurðardóttir
Afrit: Gylfi Ástbjartsson; Guðjón Ingi Eggertsson
Efni: Re: Ísaksskóli vegna kvörtunar og spurningar frá fulltúa Miðflokksins í umhverfis- og heilbrigðisráði

Sæl

Skipulagi hefur ekki verið breytt og ekki var sótt um byggingarleyfi. Byggingarfulltrúi sendi bréf og óskaði skýringa. Því hefur ekki verið svarað. Nú verður sent annað bréf þar sem eig. verður gert að sækja um byggingarleyfi - að öðrum kosti verði frekari aðgerðir skoðaðar.

Kv.
Úlli

Get [Outlook for Android](#)

From: Árný Sigurðardóttir <arny.sigurdardottir@reykjavik.is>
Sent: Thursday, January 16, 2020 9:24:37 AM
To: Nikulás Úlfar Másson <Nikulas.Ulfar.Masson@reykjavik.is>
Cc: Gylfi Ástbjartsson <Gylfi.Astbjartsson@reykjavik.is>; Guðjón Ingi Eggertsson <Gudjon.Ingi.Eggertsson@reykjavik.is>
Subject: Ísaksskóli vegna kvörtunar og spurningar frá fulltúa Miðflokksins í umhverfis- og heilbrigðisráði

Sæll Úlli

Sjá meðfylgjandi spurningar sem ég sendi ykkur til svara þ.e. nr. 1, 2, 3 og 6. Málið er þegar hjá skilmáladeild eða síðan kvörtun barst vegna meintra óleyfisframkvæmda á lóðinni sl. haust.

Við fórum í eftirlit á staðinn og það er staðfest af okkar hálfu að það er ónæði hýst af málmþilum sem setta hafa verið upp og slysaþetta er vegna bils milli girðingar og battavallarins. Skólayfirvöldum hefur verið gerð grein fyrir því og gerðar kröfur um úrbætur og eins að lokaúttekt liggja ekki fyrir vegna þessara framkvæmda eins og reglugerð nr. 942/2002 um leikvelli gerir ráð fyrir.

Það er fundur í umhverfis- og heilbrigðisráði þann 22. janúar nk. þar sem við leggjum fram svör HER og að hitt sé hjá ykkur til meðferðar. Ef svör koma frá ykkur fyrir þann tíma er hægt að leggja þau fram um leið.

Fyrirspurn frá fulltrúa Miðflokksins, vegna leikvallar við Ísaksskóla við Skaftahlíð

Leiktæki- og völlum við Ísaksskóla/Skaftahlíð valda nágrönnum miklu ónæði. Í raun var skólalóð breytt í íþróttasvæði án þess að það liggja skýrt fyrir hver og hvort hafi veitt leyfi fyrir framkvæmdinni. Þessar framkvæmdir voru ekki verið kynntar íbúum. Lóðin er inni í miðju íbúðahverfi. Mikið ónæði er af vellinum eftir að skóla líkur á daginn, á kvöldin og um helgar.

1. Var fengið byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni, deiliskipulagi breytt og það grenndarkynnt?
2. Samræmist nálægð knattspyrnuvallar við íbúðarhús deiliskipulagi?
3. Hefur bygginganefnd tekið svæðið út?
4. Hafa verið gerðar hljóðmælingar á þessum stað?
5. Hefur verið farið í grenndaráhrif og slysaþetta metin?
6. Getur verið að völlum er óleyfisframkvæmd?

Með kveðju,
Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Borgartún 12, 105 Reykjavík

www.reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit
arny.sigurdardottir@reykjavik.is

S: 411 1111,

Reglur um trúnað í tölvupóstsendingum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

Svör Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) vegna máls nr. US190395 frá 31. fundur umhverfis- og heilbrigðisráðs - Fyrirspurn fulltrúa Miðflokksins, vegna leikvallar við Ísaksskóla við Skaftahlíð.

Spurningar 1, 2, 3 og 6 eru Byggingarfulltrúa að svara. Skilmálaeftirlitið hefur þegar fengið málið/kvörtun vegna þess sent sem og spurningarnar.

4. Hávaðamælingar hafa ekki verið gerðar þar sem færi og aðstæður hafa ekki gefist til slíks. Við eftirlit kom hins vegar í ljós að þarna er battavöllur með málmeftirni í hliðum sem HER telur geta valdið ónæði. Skólayfirvöldum hefur verið gerð grein fyrir því ónæði sem af því hlýst í nágrenni vallarins og að það þurfi að koma í veg fyrir slíkt með úrbótum.

5. Grenndaráhrif vegna framkvæmdarinnar hafa ekki verið metin þar sem HER vissi ekki af breytingunum fyrr en eftir á þegar kvörtun barst. Hins vegar hefur skólayfirvöldum verið gerð grein fyrir slyshættu af bili milli girðingar sem afmarkar skólalóðina og battavöllinn sem þarf að lagfæra. Lóð skólans er skoðuð a.m.k. árlega og verður það gert þegar aðstæður leyfa m.a. vegna úrbóta.

Reykjavík 14. janúar 2020

Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri

Fyrirspurn frá fulltrúa Miðflokksins, vegna leikvallar við Ísaksskóla við Skaftahlíð

Leiktæki- og völlum við Ísaksskóla/Skaftahlíð valda nágrönnum miklu ónæði. Í raun var skólalóð breytt í íþróttasvæði án þess að það liggi skýrt fyrir hver og hvort hafi veitt leyfi fyrir framkvæmdinni. Þessar framkvæmdir voru ekki verið kynntar íbúum. Lóðin er inni í miðju íbúðahverfi. Mikið ónæði er af vellinum eftir að skóla líkur á daginn, á kvöldin og um helgar.

1. Var fengið byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni, deiliskipulagi breytt og það grenndarkynnt?
2. Samræmist nálægð knattspyrnuvallar við íbúðarhús deiliskipulagi?
3. Hefur bygginganefnd tekið svæðið út?
4. Hafa verið gerðar hljóðmælingar á þessum stað?
5. Hefur verið farið í grenndaráhrif og slyshætta metin?
6. Getur verið að völlum er óleyfisframkvæmd?